

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 11. Febrúar 2022.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Kolbeinn Gunnarsson og Ragnar Ólason.

Frá sambandinu: Benedikt Þór Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Nám félagsliða

Samkvæmt auglýsingu frá mennta- og menningarmálaráðherra nr. 361, dagsett 17. mars 2021 hefur nám félagsliða verið fært af 2. á 3. hæfnisþrep.

Borgarholtsskóli hefur þegar aðlagð námsbraut félagsliða að 3. hæfnisþrepi og standa væntingar til þess að skólar sem sinna framhaldsfræðslu með þörfum fullorðinna að leiðarljósi muni einnig bjóða upp á nýja námsbraut félagsliða. Eldra framhaldsnám félagsliða í öldrun og fötlun verður nú hluti af nýrri námsbraut félagsliða á 3. hæfnisþrepi.

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að miða starfsmat í öllum störfum félagsliða við 3. hæfnisþrep þrátt fyrir að enginn hafi enn útskrifast af námsbrautinni.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt til þá málsmeðferð að Verkefnastofa starfsmats taki til endurmats þau störf félagsliða þar sem krafa er gerð um framhaldsnám í öldrun og fötlun á 3. hæfnisþrepi. Þegar matið taki gildi falli jafnframt niður greiðsla persónuálags fyrir framhaldsnámið, samkvæmt gr. 10.2.3.

Fyrirhugað er að fyrsti nemendahópurinn af nýrri námsbraut félagsliða á 3. hæfnisþrepi mun útskrifast á árinu 2023. Gangi það eftir, leggur Samband íslenskra sveitarfélaga það til að störf allra félagsliða teljast á 3. hæfnisþrepi frá þeim tíma. Áralagnt fordæmi fyrir þessari framkvæmd gagnvart öðrum fagstéttum þegar nám þeirra hefur verið lengt og færst á herra hæfnisþrep.

Niðurstaða:

Fulltrúar SGS lýsa vonbrigðum með að SNS fylgi ekki sömu stefnu og Reykjavíkurborg.

2. Launadreifing starfsmanna skóla

Til áframhaldandi umræðu var almenn tilhögun launadreifingar vegna starfsmanna skóla í þeim tilgangi að til verði sameiginleg túlkun aðila á málinu. SGS hafði lagt fram greinargerð og SNS drög að leiðbeiningum um launadreifingu starfsfólks.

Niðurstaða:

Málið var rætt áfram. Fulltrúar SNS lögðu áherslu á að aðilar kæmu sér saman um nánari leiðbeiningar um almenna tilhögun launadreifingar og í framhaldi yrði farið í að aðlaga reiknivél sem notuð hefur verið til útreiknings starfshlutfalls þeirra sem eru í launadreifingu.

Samstarfsnefndin var sammála um að setja á stofn vinnuhóp skipaðan tveimur fulltrúum frá hvorum aðila til að vinna tillögur á þessum grunni sem lagðar verða fyrir samstarfsnefnd.

Fundi slitið.